

Reykjavík, 25. janúar 2007

Alþingi
Erindi nr. P 133/746
komudagur 29.1.2007

Jónína Bjartmarz, umhverfisráðherra
Umhverfisráðuneytinu
Skuggasundi 1
150 Reykjavík

Húsnæðismál Náttúrufræðistofnunar Íslands **Álit starfsmanna Náttúrufræðistofnunar Íslands í Reykjavík**

Aðalstarfsemi Náttúrufræðistofnunar í Reykjavík er nú í 1800 m² húsnæði á þremur hæðum við Hlemmtorg. Þar er afgreiðsla, skrifstofur 35 starfsmanna, bókasafn, rannsóknastofur og vísindasöfn, auk sýningarsafns, sem þar hefur verið í tveimur herbergjum um áratuga skeið. Meginhlutanum af vísindasöfnum stofnunarinnar, en þau eru mikilvæg undirstaða í rannsóknastarfi hennar, hefur hins vegar vegna þrengsla verið komið fyrir til bráðabirgða í 600 m² iðnaðarhúsnæði við Súðarvog. Í starfsstöð stofnunarinnar á Borgum á Akureyri vinna átta manns og er húsnæðismálum þar vel fyrir komið. Stjórnvöldum hefur um langt skeið verið ljóst að brýnt sé að leysa húsnæðisvanda stofnunarinnar í Reykjavík en fjárveitingar hafa ekki fengist til úrbóta. Sumarið 2006 glötuðust verðmæt sýni er rafmagn fór af frystigeymslu sem tekin hafði verið á leigu og í haust og vetur lá við miklu tjóni á óbætanlegum náttúrumunum er vatnsrör sprungu í tvígang í húsnæðinu á Hlemmi.


Í kjölfar þessara óhappa virðist sem hreyfing sé komin á málið. Í umhverfisráðuneytinu er nú unnið að lausn á þeim brýna húsnæðisvanda sem vísindasöfnin búa við og hefur umhverfisráðherra kynnt málið í ríkisstjórn. Á sama tíma er frumvarp menntamálaráðherra um Náttúruminjasafn Íslands til umfjöllunar á Alþingi.

Starfsmenn Náttúrufræðistofnunar Íslands í Reykjavík hvetja eindregið til þess að allar áætlanir um betra húsnæði fyrir starfsemi Náttúrufræðistofnunar og nýtt húsnæði fyrir Náttúruminjasafn miði að heildstæðri framtíðarlausn enda þótt framkvæmdum kunni að verða áfangaskipt, allt eftir aðstæðum. Starfsemi þessara stofnana eru greinar á sama meiði sem er öflun og miðlun þekkingar á náttúru landsins.


Í þessu sambandi leggjum við sérstaka áherslu á eftirfarandi:

1. Fundin verði framtíðarlausn á húsnæðismálum Náttúrufræðistofnunar Íslands, vísindasöfnum hennar og Náttúruminjasafns.
 2. Náttúrufræðistofnun ásamt vísindasöfnum sínum og Náttúruminjasafn Íslands verði á sama stað eða í nánum tengslum hvort við annað.
 3. Starfsemi þessara stofnana verði í höfuðborg landsins.
- Sjá einnig fylgiskjal.

Fyrir hönd Starfsmannafélags Náttúrufræðistofnunar í Reykjavík


Sigurður H. Magnússon, förm.


Regína Hreinsdóttir


Agúst Ú. Sigurðsson

Afrit:
Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra
Menntamálanefnd Alþingis
Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri
Jón Gunnar Ottósson, forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands

Fylgiskjal 1.

Fylgiskjal 1

Rökstuðningur

Safnalög og frumvarp um Náttúruminjasafn: Með safnalögum nr. 106/2001 voru sett í fyrsta sinn rammalög um starfsemi safna á Íslandi en samkvæmt þeim skulu starfa þrjú höfuðsöfn í landinu: Þjóðminjasafn Íslands, Listasafn Íslands og Náttúruminjasafn Íslands.

Með safnalögum færðist yfirstjórn allra minjasafna, þ.m.t. Náttúruminjasafns, til menntamálaráðherra en umhverfisráðherra fer áfram með starfsemi Náttúrufræðistofnunar Íslands. Í safnalögum er gert ráð fyrir því að Náttúruminjasafn (5. gr.) skuli vera höfuðsafn á sviði náttúrufræða, *vera öðrum söfnum til ráðgjafar og stuðla að samvinnu safna og samræmdri safnastefnu í náttúrufræði; annast söfnun, skrásetningu, varðveislu, kynningu og sýningar á náttúru Íslands og nýtingu náttúruauðlinda.* Rannsóknir á náttúru Íslands eru eftir sem áður verkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands, sbr. 4. gr. 1. nr. 60/1992 og gerir frumvarp menntamálaráðherra um Náttúruminjasafn Íslands ráð fyrir sérstöku samkomulagi um náð samstarf Náttúrufræðistofnunar og Náttúruminjasafns, sbr. 3. gr.

Fræðsluhlutverk: Samkvæmt frumvarpi menntamálaráðherra er Náttúruminjasafni Íslands ætlað að miðla fræðslu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings. Þetta er eitt mikilvægasta hlutverk safnsins sem því miður hefur verið vanrækt. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að gripir úr vísindasöfnum Náttúrufræðistofnunar verði nýttir til sýninga og fræðslu. Því er mikilvægt að um þetta verði náin samvinna milli Náttúrufræðistofnunar og Náttúruminjasafnsins. Í greinargerð með frumvarpinu segir einnig að mikilvægt sé að þessar stofnanir samnýti húsnæði til varðveislu gripa, forvörslu og rannsókna.

Augljóst er að fræðsluhlutverki Náttúruminjasafnsins verður best sinnt á þéttbýlasta svæði landsins, eins og gildir um hin höfuðsöfnin. Borgarráð Reykjavíkur hefur einmitt ályktað í sömu veru. Á deiliskipulagi Háskólareits er gert ráð fyrir lóð undir *Náttúruhús* sem ætlað var að hýsa m.a. Náttúrufræðistofnun Íslands ásamt vísindasöfnum og náttúrugripasafni. Lóðin er í Vatnsmýrinni, við hliðina á Öskju,

kennsluhúsnæði Háskóla Íslands í náttúrufræðum. Sá staður er að mörgu leyti mjög heppilegur fyrir þessa starfsemi.

Fræðasamfélagið: Helstu rannsóknastofnanir í náttúruvísindum eru, auk Náttúrufræðistofnunar og Háskóla Íslands: Hafrannsóknastofnunin, Íslenskar orkurannsóknir, Veiðimálastofnun, Veðurstofa Íslands og Landbúnaðarháskóli Íslands. Meginþunginn í starfsemi allra þessara stofnana, annarra en Landbúnaðarháskólans, er í Reykjavík enda þótt þær hafi einnig starfsstöðvar annars staðar á landinu.

Íslenska fræðasamfélagið í náttúruvísindum er fámennt og hefð fyrir nánun samstarfi vísindamanna og stofnana í rannsóknum og kennslu. Á síðustu sjö árum hafa árlega útskrifast 37–50 stúdentar úr líffræði, 12–19 úr landafræði og 6–16 úr jarðfræði við Háskóla Íslands. Þeir sem hyggja á rannsóknatengt framhaldsnám gera það oftast ekki í samvinnu við eða á vegum þeirra rannsóknastofnana sem áður eru nefndar.

Ljóst er að stúdentar í náttúrufræðum myndu hafa mikið gagn af öflugun Náttúruminjasafni sem og af vísindasöfnum Náttúrufræðistofnunar. Samstarf þessara stofnana myndi þannig bæði efla kennslu í náttúrufræðum á háskólastigi og rannsóknir á vegum Náttúruminjasafns og Náttúrufræðistofnunar.

Landkynning: Flestir þeirra erlendu ferðamanna sem hingað koma gera það í þeim tilgangi að kynna sér náttúru landsins. Gott náttúruminjasafn gæti því orðið afar mikilvæg landkynning. Þar sem flestir ferðamenn hafa viðkomu í höfuðborginni má búast við að rekstrargrundvöllur safnsins verði einna best tryggður með því að staðsetja safnið þar auk þess sem fleiri gætu þá notið þess.